

Afgreiðslufundur

Árið 2025, fimmtudaginn 18. september kl. 09:00 var haldinn 1861. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsókn Reykjavík 1922 ehf., kt. 520124-1010, dags. 18. ágúst 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingastofu (Maiz) í Kringlunni mathöll Kúmen, Kringlunni 4-12, F2353105, rými 02 0201, sölubás V11. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og Almennum skilyrðum fyrir rekstri sölubása Kringlutorgi*. Matvæli koma tilbúin til upphitunar og samsetningar á sölubás.
2. Lögð fram umsókn Reykjavík 1922 ehf., kt. 520124-1010, dags. 28. ágúst 2025, um skráningu á veitingastað (Maiz) í Kringlunni mathöll Kúmen, Kringlunni 4-12, F2353105, rými 02 0201, sölubás V11. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir veitingastaði*.
3. Lögð fram umsókn Ísfrosts ehf., kt. 480196-3179, dags. 12. september 2025, um skráningu á starfsemi þjónustuaðila fyrir kælikerfi sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir (Ísfrost) að Funahöfða 7, F2043016, rými 01 0102. Breyting úr starfsleyfi í skráningu.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónusta við þau kerfi*.
4. Lögð fram umsókn Icelandair ehf., kt. 461202-3490, dags. 12. september 2025, um skráningu á bifreiða- og vélaverkstæði að Þorragötu 10, F2029253, rými 07 0101. Breyting úr starfsleyfi í skráningu.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir bifreiða og vélaverkstæði*.
5. Lögð fram umsókn Háskóla Íslands, kt. 600169-2039, dags. 4. september 2024, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir kennslu á háskólastigi (Háskóli Íslands) að Hagatorgi 1, F2028392, rými 01 0101, 2. hæð norður. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir framhalds- og háskóla*.

6. Lögð fram umsókn Atlantsolíu ehf., kt. 590602-3610, dags. 27. júní 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir bensínstöð ásamt tilheyrandi eldsneytisgeymum (Atlantsolía) að Skeifunni 5, landnúmer 105657, matshluti 02, merking 0001 og 0002. Endurnýjun leyfis.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir bensínstöðvar*.

7. Lögð fram umsókn Skógræktarfélags Reykjavíkur, kt. 600269-4539, dags. 10. júní 2025, um tímabundið starfsleyfi fyrir tveimur hlaupum (Bakgarðshlaup og Heiðmerkurhlaup) á göngustígum í Heiðmörk frá Elliðavatni. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi frá 20. til 27. september 2025 með *Sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir hlaup Skógræktarfélags Reykjavíkur í Heiðmörk 20. og 27. september 2025*. Starfsleyfi gefið út í samræmi við ákvæði *Samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015*.

Fundi slitið kl. 09:36

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson